

ÍSÍ ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPIÚSAMBAND ÍSLANDS  
THE NATIONAL OLYMPIC AND SPORTS ASSOCIATION OF ICELAND

Íþróttamiðstöðinni Laugardal, Engjavegi 6, 104 Reykjavík,  
Sími/Tel. +354 514 4000, Fax +354 514 4001, isi@isi.is, www.isi.is, www.olympic.is



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 136/565  
komudagur 16.12.2008

Reykjavík, 15. desember 2008

**Varðar: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 6/2007 um Ríkisútvarpið ohf.,  
218. mál**

Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands lýsir yfir áhyggjum sínum um ofangreint frumvarp og getur ekki, fyrir hönd íþróttahreyfingarinnar, fallist á það í þessari mynd.

Auk takmörkunar á auglýsingatíma er sérstakt áhyggjuefni að Ríkisútvarpinu ohf. verði óheimilt að afla sér tekna með kostun. Allflestum sérsamböndum ÍSÍ hefur verið gert að greiða fyrir útsendingar á íþróttaviðburðum og hafa kostunaraðilar gert sérsamböndum, sem mörg hver hafa afar lítið á milli handanna, þetta mögulegt. Það er því mikið áhyggjuefni fyrir íþróttahreyfinguna ef kostun á útsendingum verður ekki heimil og ætla má að mikil skerðing verði á útsendingum frá íþróttaviðburðum í kjölfarið, svo og umtalsverð tekjuskerðing sambandsaðila ÍSÍ.

Utlökun á kostun á innlendu íþróttæfni bitnar harkalega á þeim sem síst skyldi; umfjöllun á innlendum íþróttaviðburðum, smærri sérsamböndum og umfjöllun um barna- og unglingsíþróttir.

Einnig má ætla að kostunaraðilar (samstarfsaðilar) sérsambanda og íþróttafélaga setji minna fé til íþróttahreyfingarinnar ef ekki er sá möguleiki fyrir hendi að auglýsa með kostun í sjónvarpi. Einkareknar sjónvarpsstöðvar hafa ekki sömu dreifingu á landsvísi og Ríkissjónvarpið ohf. og hafa ekki lagt sömu áherslu á útsendingar og umfjöllun um íslenska íþróttaviðburði.

Óhjákvæmilegt er að áréttu að RÚV ber lögum samkvæmt að sinna umfjöllun um íþróttir, sbr. fjölmarga tölulíði 2.mgr. 3. greinar laga nr. 6/2007. Í greinargerð með lögunum segir orðrétt: „Þá er í 8. tölul. tekin berum orðum fram skylda félagsins til þess að flytja efni á sviði íþróttá og annars tómsundastarfs, en slíkt efni er sérstaklega þýðingarmikið fyrir ungt fólk.“ Óvissa um útfærslu og þjónustusamninga, eins og fram kemur í greinargerðinni, gerir það að verkum að Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands getur ekki stutt ofangreint frumvarp án þess að fá viðeigandi útskýringar á óvissuþáttum.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,  
ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPIÚSAMBAND ÍSLANDS

  
Ólafur E. Rafnsson  
forseti

  
Línrey Rut Halldórsdóttir  
framkvæmdastjóri

ÓLYMPIÚFJÓLSKYLDAN

